Söguhetjur nútímans

MYNDLIST
Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús
Erró – Grafík
Til 7. janúar 2007
Opið alla daga kl. 10–17.



Morgunblaðið/Ásdís Ásgeirsdóttir

Aldarfarslýsing Grafíksýningin felur í sér gott tækifæri til að rifja upp kynnin við listamanninn og fylgjast með framvindu verka hans – en hún gefur tilefni til vangaveltna um áform listamannsins og hugsanlega innbyggða gagnrýni í aldarfarslýsingum hans.

KVENOFURHETJUR, Andrés Önd, stúlkan með perlueyrnalokkinn, Maó og myndbrot úr verkum Picassos eru meðal þess sem nú má sjá í Hafnarhúsinu á sýningu nýlegra grafíkverka eftir hinn kunna listamann Guðmund Guðmundsson – Erró. Sýningin er liður í vel til fundinni og árlegri viðleitni safnsins að varpa ljósi á afmarkaða þætti í listsköpun Errós. Umrædd verk hafa bæst við safneign Listasafns Reykjavíkur sem listamaðurinn ánafnaði borginni 1989. Í aðliggjandi sýningarsal má einnig sjá málverk frá ýmsum tímum úr Errósafninu.

Á grafíksýningunni eru mörg ný verk þar sem birtast kunnugleg stef úr eldri verkum, bæði hvað varðar myndefni og úrvinnslu. Erró leitar fanga í myndheimi nútímans: sækir í hasarmyndablöð og aðrar myndasögur, kínverskar áróðursmyndir, módernísk málverk og ímyndir kvikmynda- og poppheimsins. Í verkunum blandar hann saman ýmsum táknmyndum dægurmenningarinnar og ólíkum myndrænum stílbrögðum þannig að úr verður nýtt og óvænt samhengi – sem oft á tíðum er gagnrýnið og jafnvel ádeilukennt. Myndheimur Errós einkennist af mikilli frásagnargleði en frásögnin endurómar nútímann; hún er brotakennd, hröð og einkennist af ofgnótt og sjónrænum sprengikrafti.


Verkin sem nú eru til sýnis eru gjarnan í formi myndraða, ýmist silkiþrykk eða steinþrykk. Segja mætti að hetjur af ýmsu tagi séu þar í aðalhlutverki: söguhetjur sem við þekkjum úr afþreyingarmenningunni, sem sumar hverjar eru hvunndagshetjur á borð við Andrés Önd, og hetjur hvíta tjaldsins eða dægurtónlistarinnar líkt og Marilyn Monroe og Elvis Presley. Í bland við þær sjást kínverskar alþýðuhetjur eða upphafnir pólitískir leiðtogar og „ofurmenni“ listasögunnar – flestir karlkyns – í skírskotunum til verka Picassos, Matisse og Van Gogh. Í einni myndröðinni má sjá mikilmenni sem tengjast sögu frönsku borgarinnar Lille þar sem Erró var fenginn til að gera veggskreytingu í ráðhúsinu.

Erró fjallar þannig öðrum þræði um hetjudýrkun og nær hámarki í myndröðum þar sem blasa við augum kvenofurhetjur myndasagnanna. Áherslan á vígalega hasarkroppa jaðrar við blæti og endurspeglar útlitsdýrkun samtímans. Hetjur Errós reynast, þegar betur er að gáð, einkum vera „nöfn“ og ímyndir sem „selja“ í markaðsvæddum heimi. Gott dæmi um það eru nýjar myndaseríur frá 2005 þar sem hann teflir annars vegar saman dúkkum og þekktum andlitum afþreyingariðnaðarins og hins vegar leikföngum og fígúrum úr málverkum Picassos og Ferdinands Lègers.

Eitt andlitið/leikfangið á myndunum er „stúlkan með perlueyrnalokkinn“ en nýlega var gerð kvikmynd eftir samnefndri skáldsögu sem byggð er á meistaraverki hollenska 17. aldar listmálarans Jans Vermeers. Andlit stúlkunnar gekk því í endurnýjun lífdaga utan á metsölubókarkápum og skömmu síðar í ásjónu ungrar kvikmyndastjörnu. Dulúð þessarar hljóðlátu myndar hefur nú verið nýtt út í æsar með markaðsgildið að leiðarljósi. Andlit óþekktrar 17. aldar vinnustúlku er orðið að þekktri og þvældri táknmynd í afþreyingarmenningu samtímans og er sem slík jafnframt hluti af þeim brunni sem Erró eys af í myndgerð sinni.

Grafíksýningin felur í sér gott tækifæri til að rifja upp kynnin við listamanninn og fylgjast með framvindu verka hans – en hún gefur tilefni til vangaveltna um áform listamannsins og hugsanlega innbyggða gagnrýni í aldarfarslýsingum hans.

Anna Jóa



Grúskarinn

Eftir Bergþóru Jónsdóttur
begga@mbl.is

Það var einu sinni sögufróð kona, sem kunni lagið á litlum stelpum sem voru stöðugt að rella um nýjar og nýjar sögur. En hvaðan hún hafði ósvífnu lausnarsöguna sem hér fer á eftir veit ég ekki, kannski vitið þið það?:

Á ég að segja þér sögu,
af kerlingunni rögu?
Hún skvetti rennandi blautri hlandþvögu
á alla krakka sem báðu hana að segja sér sögu.

Lesarinn

Smásögur hinnar bandarísku Shirley Jackson eru góðar. Síðustu mánuði hef ég þó varla lesið eina heila bók, allra síst skáldsögur, því ég hef verið týndur í minni eigin sögu, og mest verið að ræna héðan og þaðan einhverju smálegu úr alls kyns bókum og blöðum, og bíómyndum, enda fjallar bókin sem ég var að skrifa að miklu leyti um þjófnað. En eftir nokkra daga, þegar ég hef ekki lengur leyfi til að skipta mér af próförkinni, ætla ég að lesa tvær glænýjar bækur sem mér voru að berast: *Ógæfusama konan* eftir Richard Brautigan í þýðingu Gyrðis Elíassonar, og *Mírgorod*, fimm sögur eftir Gogol frá Hávallaútgáfunni. Það verður gaman, ég veit það. Sú bók sem hins vegar var á borðinu á því augnabliki sem *Lesbókin* hafði samband við mig var *Revelations*, yfirlitsbók um bandaríska ljósmyndarann Diane Arbus sem ég eignaðist á síðasta ári. Myndir Diane eru dásamlegur skáldskapur sem nýtist manni á svipaðan hátt og fínasta ljóðlist, eins og margir titlarnir á myndunum eru dæmi um: Dominatrix embracing her client, Two ladies at the automat, Blind couple in their bedroom, A Jewish giant at home with his parents in the Bronx. Á sama hátt og Fellini safnaði ljósmyndum af andlitum til að fletta í gegnum þegar hann vantaði hugmyndir er mjög gott að nota myndir Diane Arbus – líka þegar manni líður grunsamlega vel og þarf að kæla sig niður.

Bragi Ólafsson rithöfundur.



Morgunblaðið/Kristinn

Bragi Ólafsson Sú bók sem hins vegar var á borðinu á því augnabliki sem *Lesbókin* hafði samband við mig var *Revelations*, yfirlitsbók um bandaríska ljósmyndarann Diane Arbus.